

**Nd.** **906. Frumvarp til laga** [303. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum sem Skallagrímur hf. tekur til kaupa á nýju ferjuskipi til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipsins.

Áður en ábyrgð er veitt skal hlutafé félagsins aukið í samráði við ríkisstjórnina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.